

Sveitarstjórnir Akraneskaupstaðar, Borgarbyggðar, Dalabyggðar, Eyja- og Miklaholtshrepps, Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps, Snæfellsbæjar og Stykkishólmsbæjar gera með sér samning um:

Sameiginlegt þjónustusvæði Vesturlands um þjónustu við fatlaða

1. Forsendur

- 1.1. Þann 1. janúar 2011 taka sveitarfélög við þeirri þjónustu sem ríkið hefur veitt fötluðum, enda hafi lögum þá verið breytt og samkomulag gert um tilfærslu þjónustunnar milli ríkis og sveitarfélaganna.
- 1.2. Til að tilfærslan verði árangursrík þurfa sveitarfélögin að hafa faglegan og fjárhagslegan styrk á sviði félagsþjónustu.
- 1.3. Við allan undirbúning að tilfærslu þjónustunnar hefur verið miðað við að þjónustusvæði hafi að lágmarki átta þúsund íbúa.
- 1.4. Aðildarsveitarfélög þessa samnings eru staðráðin í að takast á við ný verkefni og áskoranir af metnaði og fagmennsku.
- 1.5. Í ljósi þessa hafa sveitarfélögin ákveðið að sameinast um þjónustu við fatlaða á grundvelli samstöðu og samábyrgðar.

2. Þjónustusvæði Vesturlands

- 2.1. Aðildarsveitarfélög Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV) mynda sameiginlegt þjónustusvæði um þjónustu við fatlaða.
- 2.2. Félagþjónustusvæðin þrjú á Vesturlandi mynda grunneiningar þjónustusvæðisins.
- 2.3. Þjónusta við fatlaða verður samþætt félagsþjónustu sveitarfélaganna, þannig að fatlaðir njóti heildstæðrar nærþjónustu hjá félagsþjónustu lögheimilissveitarfélags.
- 2.4. Félagþjónustur hafa sveigjanleika til að veita þjónustu í samræmi við áherslur og aðstæður á hverju svæði fyrir sig.
- 2.5. Þjónusta innan svæðisins er veitt á jafnræðisgrundvelli og byggja ákvarðanir um veitingu hennar á mati á þjónustuþörf. Sá sem er metinn er í mestri þörf fyrir búsetuþjónustu á sambýlum eða þjónustu- og íbúðakjörnum skal jafnan hafa forgang að slíkri þjónustu, óháð búsetu. Félagþjónustur og skjólstæðingar þeirra hafa jafnan aðgang að sérhæfðri þjónustu einstakra félagsþjónustusvæða, sbr. grein 5.2.

3. Stjórn þjónustusvæðisins

- 3.1. Stjórn SSV ber ábyrgð á framkvæmd samningsins gagnvart sveitarstjórnunum.
- 3.2. Framkvæmd samningsins er í höndum félagsþjónusta sveitarfélaganna:
 - 3.2.1. Félagþjónustu Akraneskaupstaðar.
 - 3.2.2. Félagþjónustu Borgarbyggðar.
 - 3.2.3. Félags- og skólalþjónustu Snæfellinga.

Handwritten signatures and initials, including "JKT", "A.M.J.", "ST", and "BB".

- 3.3. Samhæfing þjónustusvæðisins er í höndum þjónusturáðs sem skipað er forstöðumönnum félagsþjónustunnar á þjónustusvæðinu eða staðgenglum þeirra. Um störf þeirra á vettvangi þjónusturáðs gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og annarra laga um opinbera stjórnsýslu. Ráðið kys sér sjálft formann. Hlutverk þjónusturáðsins eru að:
- 3.3.1. Gera tillögur um starfsreglur þjónusturáðs, stærri ákvarðanir og stefnumörkun til stjórnar SSV, sbr. viðauka 1.
- 3.3.2. Skipta framkvæmd sameiginlegra verkefna, sbr. 1.-4. lið viðauka 1, milli einstakra félagsþjónusta og Þjónustusvæðis Vesturlands bs.
- 3.3.3. Hafa virkt samráð við fatlaða, aðstandendur og samtök þeirra við stefnumótun og framkvæmd þjónustu og er í því sambandi heimilt er að bjóða hagsmunaaðilum setu á fundum ráðsins með málfrelsi og tillögurétti, þó ekki þegar fjallað er um málefni einstaklinga.
- 3.4. Aðildarsveitarfélögin mynda Þjónustusvæði Vesturlands bs., sbr. 82. grein sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998, sem veitir svæðinu afmarkaða þjónustu og tekur að sér tilteknar skyldur, sbr. viðauka 1. Þjónusturáðið myndar stjórn Þjónustusvæðis Vesturlands bs. Stjórnin ræður starfsmann sem skal vera sérfræðingur í þjónustu við fatlaða og ákveður starfsstöð eða starfsstöðvar hans.

4. Markmið og stefnumótun

- 4.1. Markmið samningsins eru einkum að:
- 4.1.1. Tryggja fötluðum samþætta og heildstæða nærþjónustu.
- 4.1.2. Laga þjónustu að þörfum og óskum fatlaðra með hliðsjón af ólíkum aðstæðum og stuðla þannig að auknu sjálfstæði þeirra.
- 4.1.3. Efla félagsþjónustu á svæðinu.
- 4.1.4. Þróa samstarf sveitarfélaga á svæðinu.
- 4.1.5. Stuðla að hagræðingu í rekstri með samþættingu þjónustu- og rekstrarþátta.
- 4.2. Þjónustusvæðið mótar sér formlega stefnu varðandi sameiginlega þjónustu við fatlaða á svæðinu í samvinnu við sveitarfélögin, notendur og hagsmunaaðila.

5. Verkefni og rekstrareiningar

- 5.1. Félagþjónustur annast almenna þjónustu við fatlaða, hver á sínu starfssvæði:
- 5.1.1. Ráðgjöf og aðra stuðningsþjónustu við fatlaða og fjölskyldur þeirra.
- 5.1.2. Rekstur sambýla, þjónustu- og íbúðakjarna (búsetuþjónustu).
- 5.1.3. Þjónustu til stuðnings sjálfstæðri búsetu.
- 5.1.4. Stuðningsfjölskyldur.
- 5.2. Einstakar félagsþjónustur annast rekstur sérhæfðra þjónustueininga fyrir allt þjónustusvæðið:
- 5.2.1. Félagþjónusta Akraneskaupstaðar: Fjöliðjan (vinnu- og hæfingarstaður), Dalbraut, Akranesi.
- 5.2.2. Félagþjónusta Borgarbyggðar: Skammtímavistun í Holti og Fjöliðjan (vinnu- og hæfingarstaður), Kveldúlfsgötu, Borgarnesi.
- 5.2.3. Félagþjónustu- og skólþjónusta Snæfellinga: Skammtímavistun á Gufuskálum.
- 5.3. Félagþjónustum er heimilt eftir samráð í þjónusturáði og með hæfilegum fyrirvara að setja upp sambærilegar þjónustueiningar og nefndar eru í gr. 5.2.

- 5.4. Verkefni þjónusturáðs, sbr. viðauka 1 eru:
 - 5.4.1. Dagleg stjórnun verkefna þjónustusvæðisins.
 - 5.4.2. Samhæfing þjónustu.
 - 5.4.3. Umsjón með sérhæfðri ráðgjöf.
 - 5.4.4. Samhæfing árangurstjórnunar og eftirlits.
 - 5.4.5. Umsjón fjármála.
- 5.5. Verkefni Þjónustusvæðis Vesturlands bs., sbr. viðauka 1 eru:
 - 5.5.1. Framkvæmdastjórn og sérfræðistörf fyrir þjónusturáð.
 - 5.5.2. Umsýsla fjármála þjónustusvæðisins.
- 5.6. Þjónusturáð vinnur athugun á hagkvæmni áframhaldandi samrekstrar starfsstöðva Fjöliðjunnar á Akranesi og Borgarnesi og gerir tillögur til viðkomandi sveitarstjórna um framtíðarfyrirkomulag rekstrarins.
- 5.7. Félagsþjónustusvæði geta gert samninga sín á milli um frekari samvinnu eða samrekstur en samningur þessi kveður á um.

6. Fjármögnun

- 6.1. Aðilar þjónustusvæðisins bera ábyrgð á fjármögnun þjónustu innan svæðisins eins og nánar er kveðið á um í samningum.
- 6.2. 0,125% af útsvarsstofni sveitarfélaga renna til viðkomandi félagsþjónustusvæðis.
- 6.3. 95% framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem byggja á mati á þjónustuþörf tiltekinna einstaklinga, renna til þeirra félagsþjónustusvæða sem veita viðkomandi einstaklingum þjónustu.
- 6.4. Tekjur af rekstri einstakra þjónustueininga renna til rekstraraðila.
- 6.5. Til Þjónustusvæðis Vesturlands bs. renna eftirfarandi tekjur:
 - 6.5.1. 5% af jöfnunarframlögum Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til þjónustusvæðisins.
 - 6.5.2. 0,125% af útsvarsstofni aðildarsveitarfélaga þjónustusvæðisins.
- 6.6. Byggi framlög Jöfnunarsjóðs tímabundið og að hluta til á framreiknuðum rekstrar-kostnaði ársins 2010, mun skipting þeirra framlaga byggja á framreiknuðum rekstrarkostnaði árisins 2010 innan einstakra félagsþjónustusvæða.
- 6.7. Stjórn Þjónustusvæðis Vesturlands bs. tekur ákvarðanir um ráðstöðvun sérstakra framlaga Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, til dæmis vegna breytingakostnaðar.
- 6.8. Heimilt er að breyta hlutfallstölum samkvæmt þessum kafla samningsins með samþykki stjórnar SSV.

7. Útgjöld

- 7.1. Félagsþjónustusvæði bera sjálf kostnað vegna almennrar þjónustu við fatlaða, sbr. gr. 5.1.
- 7.2. Félagsþjónustusvæði bera kostnað vegna reksturs sérhæfðra þjónustueininga í hlutfalli við notkun og skal nánar kveðið á um þjónustu og greiðslur í samningum einstakra félagsþjónustusvæða við rekstraraðila.
- 7.3. Fasteignir sem nýttar eru vegna þjónustu við fatlaða sem og tekjur og útgjöld vegna þeirra eru á forræði einstakra félagsþjónustusvæða eða aðildarsveitarfélaga þeirra.

SKH

JP.

RMJ

SP JB

- 7.4. Þjónustusvæði Vesturlands bs. ber kostnað vegna eftirfarandi þátta:
- 7.4.1. Framlaga vegna jöfnunar og ófyrirséðs kostnaðar.
- 7.4.2. Eign rekstrar.

8. Jöfnun og ófyrirséður kostnaður

- 8.1. Árlega skal verja ákveðnum hluta tekna Þjónustusvæðis Vesturlands bs. til jöfnunar milli félagsþjónustusvæða.
- 8.2. Jöfnunin skal fyrst og fremst byggja á fjölda og þjónustuþörf fatlaðra einstaklinga sem ekki falla undir jöfnunarframlög frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, að teknu tilliti til íbúafjölda félagsþjónustusvæða.
- 8.3. Árlega skal verja ákveðnum hluta tekna Þjónustusvæðis Vesturlands bs. til að mæta ófyrirséðum kostnaði einstakra félagsþjónustusvæða sem leitt getur af skyndilegum þjónustuþörfum notenda.
- 8.4. Framlög skulu fyrst og fremst mæta skyndilegum og ófyrirséðum kostnaði vegna einstaklinga sem fyrirsjáanlegt er að muni verða grundvöllur jöfnunarframlags Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.
- 8.5. Stjórn SSV setur verklagslegur vegna jöfnunar og ófyrirséðs kostnaðar.
- 8.6. Stjórn Þjónustusvæðis Vesturlands bs. tekur ákvarðanir um framlög innan ramma verklagsreglna.

9. Eftirlit, mat á árangri og skýrslugerð

- 9.1. Komið skal á innra eftirliti með þjónustu sem skal að lágmarki uppfylla opinberar kröfur sem gerðar eru til slíks eftirlits.
- 9.2. Árangur þjónustunnar skal metinn reglulega og skal matið meðal annars byggja á viðhorfum notenda þjónustunnar og aðstandenda þeirra.
- 9.3. Gefa skal út sameinginlegan ársreikning þjónustusvæðisins sem inniheldur ársreikning Þjónustusvæðis Vesturlands bs. og lykiltölur úr rekstri einstakra félagsþjónustusvæða.
- 9.4. Gefa skal út ársskýrslu um starfsemi þjónustusvæðisins, þar sem m.a. skal gerð grein fyrir tölulegum upplýsingum sem lýsa eðli, umfangi og kostnaði þjónustunnar.

10. Meðferð ágreinings

- 10.1. Rísi ágreiningur um túlkun og framkvæmd á samningi þessum, sem ekki tekst að leysa innan stjórnar SSV, skal skipa sáttanefnd til að fjalla um ágreininginn og leita lausna á honum.
- 10.2. Í sáttanefnd skulu sitja þrír einstaklingar og skal einn tilnefndur af stjórn SSV, einn af félags- og tryggingamálaráðuneyti og einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og skal hann vera formaður.
- 10.3. Sáttanefnd leggur fram tillögu til stjórnar SSV um lausn ágreiningsins.
- 10.4. Samþykki stjórn SSV ekki sáttatillögu skal sáttanefndin skera úr um ágreininginn.

11. Gildistími og endurskoðun

- 11.1. Samningur þessi tekur gildi 1. janúar 2011 og gildir til 31. desember 2014. Samningurinn er ekki uppsegjanlegur nema með samþykki allra samningsaðila.

fron

SP

AMJ

SA 7SD

11.2. Breyttist forsendur sammingsins geta sammingsaðilar farið fram á endurskoðun hans.

Breyttar forsendur teljast m.a.:

11.2.1. Verulegar breytingar á ákvæðum laga um málefni fatlaðra um umfang og gæði þjónustu við fatlaða.


11.2.2. Sameining sveitarfélaga eða breytingar á mörkum félagsþjónustusvæða.


11.2.3. Áætlanir um breytingar á mörkum þjónustusvæðisins.


11.2.4. Umtalsverð röskun á högum aðildarsveitarfélags sem gerir því ókleyft að efna ákvæði sammingsins.

11.3. Sammingsaðilar skulu ákveða sameiginlega fyrir 1. september 2014 hvort stefna skuli að endurnýjun sammingsins.


Borgarnesi 8. október 2010,



Fyrir hönd Akraneskaupstaðar



Fyrir hönd Borgarbyggðar



Fyrir hönd Dalabyggðar



Fyrir hönd Eyja- og Miklaholtshrepps



Fyrir hönd Grundarfjarðarbæjar

^{e. u.}

Fyrir hönd Helgafellssveitar


Fyrir hönd Hvalfjarðarsveitar


Fyrir hönd Skorradalshrepps


Fyrir hönd Snæfellsbæjar


Fyrir hönd Stykkishólmsbæjar

Sameiginleg verkefni þjónustusvæðisins

1. Dagleg stjórnun verkefna þjónustusvæðisins, þ.m.t.:
 - a. Umsjón og forgangsröðun verkefna þjónustusvæðis Vesturlands bs.
 - b. Stefnumótun í samvinnu við sveitarfélög, notendur og hagsmunaaðila.
 - c. Stuðningur og ráðgjöf við stjórn SSV.
2. Samhæfing þjónustu innan þjónustusvæðis, þ.m.t.:
 - a. Samhæfing um hlutverk, verkaskiptingu og nýtingu þjónustueininga.
 - b. Umfjöllun um málefni þjónustuþega, sérstaklega þeirra sem þurfa þjónustu út fyrir eigið félagsþjónustusvæði.
 - c. Umsjón og samhæfing þjónustumats.
 - d. Samráð vegna biðlista á þjónustusvæðinu.
3. Sérhæfð ráðgjöf, þ.m.t.:
 - a. Ráðgjöf við stjórnendur og starfsfólk félagsþjónusta og þjónustueininga.
 - b. Ráðgjöf við fatlaða og fjölskyldur þeirra í samráði við einstök félagsþjónustusvæði.
4. Samhæfing árangurstjórnunar og eftirlits, þ.m.t.:
 - a. Samhæfing árangursmats.
 - b. Samhæfing gæðastjórnunar.
 - c. Samhæfing innra eftirlits.
 - d. Upplýsingaöflun og skýrslugerð.
 - e. Eftirlit með framkvæmd samninga við sjálfstæða þjónustuaðila.
5. Umsjón fjármála, þ.m.t.:
 - a. Áætlanagerð og eftirlit vegna fjármála þjónustusvæðis.
 - b. Umsjón með gerð sameiginlegs ársreiknings þjónustusvæðisins.
 - c. Tillögur um jöfnunarframlög og verklagsreglur í því sambandi.
 - d. Tillögur um framlög vegna ófyrirséðra útgjalda og verklagsreglur í því sambandi.
 - e. Umsýsla fjármála, greiðslur, reikningshald og ársreikningur Þjónustusvæðis Vesturlands bs.